



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 10. apríl 2017, kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson, Ágúst Már Gröndal og Árný Huld Haraldsdóttir. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir f.h. kennara, Íris Sigþórsdóttir f.h. starfsfólks leikskóladeildar. Agnieszka Kowalczyk boðaði forföll. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er þrjár blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál höfðu borist og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 7. febrúar 2017.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1704002 - Uppsögn á starfi skólastjóra Reykhólaskóla.

Fyrir nefndina var lögð fram uppsögn Ástu Sjafnar Kristjánsdóttur á starfi skólastjóra Reykhólaskóla.

*Nefndin þakkar Ástu starf hennar í þágu skólans og sveitarfélagsins síðastliðin ár. Formaður nefnarinnar bókar að hann harmi afsögn hennar.*

*Nefndin felur sveitarstjóra að auglýsa eftir skólastjóra Reykhólaskóla.*

#### 3. 1704003 - Kennslutímar skólaárið 2017- 2018.

Erindi frá skólastjóra dagsett 3. apríl 2017.

*Sveitarstjóra og skólastjóra falið að fara ofan í kennslutíma með ráðgjafa frá Tröppu.*

#### 4. 1704004 - Starfsmannahald á leikskóladeild

Erindi frá skólastjóra dagsett 3. apríl 2017.

*Óskað er eftir auknu starfshlutfalli, 60 % vegna stuðnings við nemandu í leikskóladeild. Erindið samþykkt samhljóða.*

#### 5. 1704005 - Listi yfir börn fædd 2011 og hefja skólagöngu í haust.

*Listi yfir börn sem hefja skólagöngu haustið 2017, lagður fram.*

#### 6. 1703009 - Heimagreiðslur

Erindi frá Lovísu Ósk Jónsdóttur dagsett 21. febrúar 2017, vísað til nefndarinnar á fundi sveitarstjórnar 7. mars 2017.

*Nefndin leggur fram drög að reglum um niðurgreiðslu daggæslu í heimahúsum og leggur til að hámarksupphæð foreldragreiðslna vegna 8 tíma gæslu verði kr. 40.000 á mánuði fyrir hvert barn foreldra í sambúð og kr. 55.000,- á mánuði fyrir hvert barn til einstæðra foreldra, öryrkja eða ef foreldrar eru báðir í námi. Greiðslunum er ætlað að brúa bilið frá fæðingarorlofi og þar til barn fær vistun hjá dagforeldri með starfsleyfi eða á leikskóla, sem miðast við eins árs aldur. Samþykkt samhljóða.*

**7. 1703028 - Styrkur til Heimalinga, unglingadeildar Björgunarsveitarinnar Heimamanna.**

Erindi frá Sigrúnu Kristjánsdóttur dagsett 14. mars 2016, vísað til nefndarinnar á fundi sveitarstjórnar 7. mars 2017.

ÁMG vakti athygli á möguleigu vanhæfi sínu undir þessu máli. Nefndin taldi ÁMG ekki vanhæfan.

*Nefndin ræddi um styrkveitingar almennt og telur að setja þurfi viss skilyrði fyrir styrkveitingu sem þessari og gera samninga til lengri tíma. Ákveðið er að bjóða félögum sem þiggja styrk hjá sveitarfélaginu á fund með nefndinni til að ræða breytta framtíðar tilhögun á styrkveitingum. Samþykkt samhljóða.*

**8. 1704006 - Trúnaðarmál frá skólastjóra.**

*Ritað í trúnaðarbók.*

**Mál til kynningar:**

**9. 1702004 – Skýrsla skólastjóra**

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla.

*Skýrsla liggur ekki fyrir.*

**10. 1704007 - Innleiðing á nýjum námsmatskvarða við lok grunnskóla.**

Erindi frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 7. febrúar 2017.

*Lagt fram.*

**11. 1704008 - Kennslumínútnafjöldi í list- og verkgreinum í grunnskólum.**

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 7. mars 2017.

*Lagt fram.*

**Önnur mál :**

**12. Vinnuaðstaða í Reykhólaskóla**

Erindi frá Kolfinnu Ýr Ingólfssdóttur er varðar vinnuaðstöðu hennar í Reykhólaskóla.

Í erindinu fer Kolfinna yfir ýmislegt er varðar viðhald og fleira í skólanum sem þarf að bæta. Tjöld og gardínur sem þarf að festa, klukka í skóla og kastarar sem þarf að lagfæra. Auk þess er nefndur gróður í sundlauginni og óboðlegt ástand hennar.

*Nefndin fór yfir erindið og tekur það til greina.*

### 13. Málefni sundlaugar. Umbóta krafist.

*Erindi lagt fram af mennta- og menningarmálanefnd.*

*Kvartanir hafa borist nefndarmönnum mennta- og menningarmálanefndar varðandi starfsemi Grettislaugar.*

*Nefndin tekur þessar ábendingar alvarlega. Umhirða sundlaugarinnar verður að vera í lagi, þar sem hún hefur mikið félagslegt gildi fyrir samfélagið á staðnum, og hefur einnig aðdráttarafl fyrir gesti á Reykhólum.*

*Farið var yfir ýmis málefni, öryggi og heilnæmi vatns og innra eftirlit og geymslu klórs.*

*Sveitarstjóra falið að koma alvarlegum athugasemdum nefndarinnar á framfæri við þá sem eiga í hlut.*

**Fundargerð lesin, fundi slitið kl.17:00**

_____	_____
_____	_____
_____	_____